

MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

VISIT REYKJAVÍK

Áfangastaðurinn Hafnarfjörður
Ágúst 2025

EMH
RÁÐGJÖF

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

Þróar og markaðssetur áfangastaðinn í heild.
Áhersla er á að efla atvinnustarfsemi og auka
gjaldeyristekjur með sjálfbærni að leiðarljósi.

VISIT
REYKJAVÍK

Við vinnum undir merkjum
Visit Reykjavík í öllu markaðsstarfi

Helstu verkefni

- **Efla vitund og þekkingu** um áfangastaðinn og allt það sem svæðið hefur upp á að bjóða, jafnt fyrir ferðamenn og íbúa.
- **Þróa, móta og efla samstarf** og samlegð um málefni ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu milli sveitarfélaga, atvinnulífs, ríkis og stoðkerfisins.
- **Efla samkeppnishæfni og slagkraft** áfangastaðarins í alþjóðlegri samkeppni.
- **Stuðla að sátt** íbúa, atvinnulífs og sveitarfélaga um málefni ferðaþjónustunnar.
- **Styrkja stoðir og uppbyggingu** ferðaþjónustunnar, bæta ímynd svæðisins og auka eftirspurn eftir hvers konar þjónustu og atvinnustarfsemi.
- Annast markaðs- og kynningarstarf, áfangastaðapróun og stuðla að fagmennsku.
- Vera **málsvari og samnefnari** fyrir ferðaþjónustuna á höfuðborgarsvæðinu.

Stofan er markaðs- og áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins

Framtíðarsýnin fyrir áfangastaðinn

sem við viljum vera þekkt fyrir



Leiðandi í sjálfbærni

Ein heild fyrir fjölbreytta upplifun

Staður til að hægja á

Samfélag lífsgæða

Gestrisni



MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

Áfangastaðir og ferðapjónustukjarnar



Ferðapjónustukjarnar


Verkefnið um áfangastaðinn Hafnarfjörð sem hér er kynnt er hluti af stærra verkefni um ferðapjónustukjarna á höfuðborgarsvæðinu.

Markaðsstofan hefur verið að vinna greiningu á ferðapjónustukjörnum á höfuðborgarsvæðinu. Ferðapjónustukjarni er afmarkað svæði sem ferðamenn vilja heimsækja. Hver ferðapjónustukjarni samanstendur af nokkrum stöðum sem bjóða uppá ólíka upplifun fyrir ferðamenn en sem saman mynda eitt svæði með aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Ferðapjónustukjarnar

Þróun og kortlagning ferðapjónustukjarna nýtist í vörupróun og markaðssetningu á höfuðborgarsvæðinu.

Það er grundvöllur fyrir betri upplifun, dreifingu gesta, lengri dvöl og sjálfbærni áfangastaðarins í takt við stefnu áfangastaðarins.



Ferðapjónustukjarnar

Haldnar voru vinnustofur með aðildarfélögum Markaðsstofunnar í nóvember og desember 2024 til að kortleggja ferðapjónustukjarna. Fyrir hvern kjarna var unnin stutt greining á aðráttarafli, markhópi og aðgengi. Vinnan skilaði kortlagningu og greiningu á fjórtán ferðapjónustukjörnum á höfuðborgarsvæðinu. Nánar um greiningu og samantekt á ferðapjónustukjörnunum má lesa [hér](#).

Næstu skref verkefnisins um ferðapjónustukjarna eru hagaðilasamtöl í hverjum kjarna. Svæðisbundin hagaðilasamtöl skila enn dýpri greiningu á hverjum ferðapjónustukjarna og veita innsýn í tækifæri og áskoranir hverju sinni.

Hér á eftir er gert grein fyrir hagaðilasamtali um áfangastaðinn Hafnarfjörð sem fór fram vorið 2025.


Kort af ferðapjónustukjörnum



- 1 Esja og Kjalarnes
- 2 Mosfellsbær og Mosfellsdalur
- 3 Seltjarnarnes og Gróttu
- 4 Gamla höfnin og Grandinn
- 5 Viðey
- 6 Miðborg Reykjavíkur
- 7 Laugardalur
- 8 Öskjuhlíð
- 9 Elliðaárdalur
- 10 Kópavogur
- 11 Garðabær
- 12 Hafnarfjörður
- 13 Útivistarsvæði umhverfis höfuðborgarsvæðið
- 14 Seltún og Krýsuvík

Um verkefnið

- Áfangastaðurinn Hafnarfjörður
- Stefna um móttöku skemmtiferðaskipa
- Tilraunaverkefni um gönguleið




Hafnarfjörður

Hafnarfjörður er fallegur bær þar sem saga, menning og náttúra fléttast saman í einstaka heild.

Hafnarfjörður er heimkynni sögulegra götumynda, fallegs miðbæjar og rólegra svæða sem laða að gesti sem vilja upplifa þjóðlegan og afslappaðan anda. Í miðbæ Hafnarfjarðar eru fjölbreyttir veitingastaðir, verslanir og menningarviðburðir sem skapa lifandi og skemmtilega stemningu.

Sjá einnig Hafnarfjörð í **greiningu og samantekt á ferðaþjónustukjörnum á höfuðborgarsvæðinu.**



Áfangastaðurinn Hafnarfjörður

Markmið verkefnisins var að vinna hugmyndir að því hvernig hægt sé að efla áfangastaðinn Hafnarfjörð með áherslu á móttöku ferðamanna og farþega skemmtiferðaskipa.

Verkefnið nýtist fyrir **framtíðarsýn Hafnarfjarðarbæjar** í tengslum við ferðapjónustu og móttöku ferðamanna, ásamt því að nýtast í vinnu Markaðsstofunnar í tengslum við **ferðapjónustukjarna, þróun og markaðssetningu höfuðborgarsvæðisins.**

Jákvæð áhrif á
samfélagið og aukin
lífsgæði

Jákvæð og
eftirminnileg upplifun
ferðamanna

Fagmennska og gæði

Öryggi

Sjálfbærni

Verkefnaskref



STÖÐUMAT

- Tímalína
- Myndun verkefnahóps
- Greining á hagaðilum



GREINING

- Hagaðilasamtal: Vinnustofa með völdum aðilum



FRAMTÍÐ

- Unnið úr niðurstöðum greiningar og drög að stefnumörkun
- Vinnufundur og kynning fyrir verkefnahópi



AÐGERÐAÁÆTLUN

- Kynning á hugmyndum og framtíðarsýn
- Opinn fundur



INNLEIÐING

- Næstu skref
- Vinna eftir stefnunni

Verkefnahópur

Myndaður var verkefnahópur sem hafði það hlutverk að móta verkefnið og greina hagaðila. Í verkefnahópi sátu:

- Sunna Magnúsdóttir, Hafnarfjarðarbær
- Lúðvík Geirsson, Hafnarfjarðarhöfn
- Guðmundur Fylkisson, Hafnarstjórn
- Kristín María Thoroddsen, Hafnarstjórn
- Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar
- Jón Atli Magnússon, menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar


Fyrir hönd Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins sátu Inga Hlín Pálsdóttir og Margrét Wendt í verkefnahópi.

Verkefnið var jafnframt unnið í samstarfi við Maríu Hjálmarsdóttur frá MH ráðgjöf.

Hagaðilasmál

Árangur áfangastaðapróunar er mjög háður þeim hagsmunaaðilum sem taka þátt í ferlinu þar sem þeir upplifa eignarhlut í útkomunni. Það myndast sameiginlegur skilningur á forsendum framtíðarsýnar og samræmdum aðgerðum og framkvæmdum.

Verkefnahópurinn vann hagaðilagreiningu og útfra greiningunni var boðið á vinnustofu.



Hagaðilagreining fyrir verkefnið

Aðildarfyrirtæki í Hafnarfirði:

Aurora Basecamp - Tobias Klose

Fjörukráin - Birna Viðarsdóttir

Hótel Viking - Unnur Viðarsdóttir

Íshestar - Gígja Einarsdóttir

Önnur aðildarfyrirtæki:

CityWalk - Marteinn Briem

Destination Complete - Erna Evudóttir

Elding - Rannveig Grétarsdóttir

Expedia - Hólmfríður Drífa Jónsdóttir

Exploring Iceland - Steinunn Guðbjörnsdóttir

GJ Travel - Sif Helgadóttir

Grayline / Hópbílar - Árny Bergsdóttir

Iceland Travel - Emma Kjartansdóttir

Iceland Travel - Ragnheiður S. Kjartansdóttir

Icelandia - Inga Dís Richter

Isavia / Stefnuráð Markaðsstofunnar - Andri Ómarsson

Pink Iceland - Hannes Pálsson

Samtök ferðaþjónustunnar - Ágúst Elvar Bjarnason

Special Tours - Ásta María Marínósdóttir

Your Friend in Reykjavík - Valur H. Sævarsson

Önnur fyrirtæki á svæðinu:

A. Hansen veitingastaður

Ægir Brugghús

Alfar.is - Silja Gunnarsdóttir

Bæjarbíó - Páll Eyjólfsson

Betri stofan

Brikk - Oddur Smári Rafnsson

Figo pizza

Fjörðurinn - Guðmundur Bjarni Harðason

Fjörðurinn - Guðrún María Guðmundsdóttir

Golfklúbburinn Keilir

Hótel Vellir

Íshúsið

Kænan

Krydd

Markaðsstofa Hafnarfjarðar - Þóra H. Guðbrandsdóttir

Norðurbakkinn - Málfríður G. Blöndal

Ölvisholt - Víðir Stefánsson

Pallett

Pylsubarinn - Pétur Viðarson

RIF Restaurant

Sól restaurant - Guðrún Auður Böðvarsdóttir

This is Iceland

Tilveran veitingahús

VON Mathús & Bar

Hafnarfjarðarbær:

Byggðasafn Hafnarfjarðar - Björn Pétursson

Hafnarborg - Aldís Arnardóttir

Hafnarfjarðarbær - Árdís Ármannsdóttir

Hafnarfjarðarbær - Helga Stefánsdóttir

Hafnarfjarðarbær - Sunna Magnúsdóttir

Hafnarstjórn - Guðmundur Fylkisson

Hafnarstjórn - Kristín María Thorodsen

Hafnarstjórn - Tryggvi Rafnsson

Hafnarstjórn - Jón Gretar Þórsson

Hafnarstjórn - Sigrún Jónsdóttir

Heilsubærinn Hafnarfjörður - Geir Bjarnason

Höfn Hafnarfjarðar - Lúðvík Geirsson

Menningar- og ferðamálanefnd - Guðbjörg O. Jónasdóttir

Menningar- og ferðamálanefnd - Jón Atli Magnússon

Menningar- og ferðamálanefnd - Sigurður Ragnarson

Sundlaugar - Aðalsteinn Hrafnkelsson

Tilraunaverkefni um gönguleið

Sem hluti af verkefninu var unnið tilraunaverkefni um gönguleið um miðbæ Hafnarfjarðar fyrir farþega skemmtiferðaskipa sem einnig nýtist almennum ferðamönnum. Markmið með tilraunaverkefninu er að veita gestum upplýsingar um hvaða afþreying og þjónusta sé í boði í Hafnarfirði.

Verkefnahópurinn þróaði drög að 4,5 km langri gönguleið sem hér eru sett fram. Drögin voru síðan lögð fyrir hagaðila til þess að fá endurgjöf.



Viðkomustaðir:

- Smábátahöfnin
- Strandlengjan
- Sundhöll Hafnarfjarðar
- Viðistaðatún
- Hellisgerði
- Vitinn
- Lækurinn
- Fríkirkjan
- Hafnarfjarðarkirkja
- Byggðasafn Hafnarfjarðar

Stefna um móttöku skemmtiferðaskipa í Hafnarfirði

Verkefnið um áfangastaðinn Hafnarfjörð felur einnig í sér að móta stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa í Hafnarfirði, en það tengist ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda til 2030. Aðgerð C.7 í aðgerðaáætluninni snýr að mótun samstarfs um móttöku skemmtiferðaskipa og nýtingu innviða í hverjum landshluta.

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins stýrði sambærilegu verkefni fyrir Reykjavíkurborg og Faxaflóahafnir á síðasta ári.

Hagaðilasamtalið um áfangastaðinn Hafnarfjörð fól í sér umræður um skemmtiferðaskip í Hafnarfirði og verða þær niðurstöður í framhaldi nýttar til þess að móta stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa í Hafnarfirði. Stefnan er í vinnslu verður kynnt síðar.

Skemmtiferðaskip í Hafnarfirði

2024

Fjöldi skipakomu: 19

Fjöldi farþega: 6.460

Fjöldi áhöfn: 3.553

2025

Áætlaður fjöldi

Fjöldi skipakomu: 18

Fjöldi farþega: 3.888

Fjöldi áhöfn: 2.243

2026

Áætlaður fjöldi

Fjöldi skipakomu: 31

Fjöldi farþega: 7.516

Fjöldi áhöfn: 4.432

Greining á svæðinu


- Áfangastaðurinn í myndum
- Sýnileiki áfangastaðarins á netinu
- Skipulag og fyrirhuguð uppbygging




Áfangastaðurinn í myndum









Sýnileiki áfangastaðarins á netinu




Sýnileiki áfangastaðarins á netinu

Farið var yfir stöðu Hafnarfjarðar á samfélagsmiðlum og netinu. Meginniðurstaða greiningarinnar var að það vanti skýran „**rauðan þráð**“ í myndefni tengt Hafnarfirði.


Flest myndefni kemur frá íbúum og verslunum sem eru dugleg að setja inn myndir og merkja efni. Minna er um sérstaka áfangastaði sem ferðamenn taka myndir af – og þar með minni miðlæg markaðssetning sem byggir upp ímynd bæjarins sem ferðamannastað.

Instagram



Myndirnar undir myllumerkinu #hafnarfjordur eru fjölbreyttar og persónulegar – allt frá heimilum og náttúru yfir í ferðamenn og lífsstíl. Það vantar þó skýran stað eða kennileiti sem birtist síendurtekið. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að skapa sjónrænt auðkenni sem fólk tengir skýrt við bæinn.

Instagram



#hafnarfjörður er með yfir 33.000 færslur – en birtingarnar eru óskipulagðar og ekki miðaðar við ákveðin kennileiti.

Hellisgerði, eitt af helstu útivistarsvæðum bæjarins, er með mjög litla samfélagsmiðlaumfjöllun – flest myllumerki með færri en 100 færslur.

Viking Village sker sig úr með yfir 5.400 fylgjendur og stöðuga birtingu myndefnis sem tengist þemavæddri upplifun.

Hafnarborg er virkur menningarreikningur með 3.200 fylgjendur og reglulega faglega pósta.

Hovdenak Distillery hefur mest fylgi (11.400 fylgjendur) og notar sterka vörumerkjavirkni og alþjóðlega viðurkenningar til að laða að.



Skipulag og fyrirhuguð uppbygging



Skipulag og fyrirhuguð uppbygging

Skipulag og uppbygging eru mikilvægir þættir í áfangastaðapróun sem hafa áhrif á þjónustu og aðstöðu fyrir ferðamenn og ferðaþjónustuaðila. Fyrir verkefnið um áfangastaðinn Hafnarfjörð var gerð greining á fyrirhugaðri uppbyggingu til þess að kanna hvernig svæðið eigi eftir að þróast á komandi árum.

Gert er ráð fyrir ýmiss konar uppbyggingu á næstu árum sem mun breyta ásýnd og þjónustuframboð miðbæ Hafnarfjarðar og hafnarinnar. Þar má helst nefna:

- Óseyrarhverfi
- Hvaleyrarbraut
- Flensborgarhöfn
- Hótel Víking
- Tækniskólann

Óseyrarhverfi



Í Óseyrarhverfi er gert ráð fyrir allt að 700 íbúðum þar sem í dag er atvinnusvæði. Sumar húseignir þar eru í góðum rekstri en aðrar eignir í slæmu ásigkomulagi. Einnig gert ráð fyrir atvinnu og þjónustu.

Hvaleyrarbraut



Á Hvaleyrarbraut 20-30 er gert fyrir allt að 300-400 íbúðum þar sem í dag er atvinnusvæði. Sumar húseignir þar eru í góðum rekstri en aðrar eignir í löku ásigkomulagi. Einnig gert ráð fyrir atvinnu og þjónustu.

Flensborgarhöfn




Í Flensborgarhöfn verða íbúðir, atvinnustarfsemi og smábátahöfn – þá er Flensborgarhöfn í göngufæri við miðbæ Hafnarfjarðar og er gert ráð fyrir útisvæðum fyrir íbúa bæjarins.

Hótel Víking



Verið er að stækka hótél við
Víkingastræti 2 um 62 herbergi.

Tækniskóli



Skrifað hefur verið undir samning um Tækniskóla í Hafnarfirði. Gert er ráð fyrir að borgarlína komi eftir Strandgötunni.

Áætluð stærð nýs skólahúss er 25-30 þúsund fermetrar í fyrsta áfanga. Gera þarf ráð fyrir rými til framtíðarþróunar.

MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

Vinnustofa

- Niðurstöður úr Mentimeter
- Niðurstöður úr hópavinnu
- Endurgjöf á gönguleið



Vinnustofa með hagaðilum

Vinnustofa með hagaðilum var haldin 8. apríl 2025 í Hafnarborg sem hluti af samráðs- og stefnumótunarferlinu. Markmið vinnustofunnar var að heyra raddir hagaðila og vinna sameiginlegar hugmyndir um hvernig megi efla áfangastaðinn Hafnarfjörð með áherslu á móttöku ferðamanna og skemmtiferðaskipa.

Boðað var samkvæmt hagaðilagreiningu sem verkefnahópurinn vann. Alls mættu 24 fulltrúar ferðaþjónustu, fyrirtækja og sveitarfélagsins á vinnustofuna. Á fundinum fengu þátttakendur einnig kynningu frá Valdimari Víðissyni, bæjarstjóra Hafnarfjarðar, og Kristínu M. Thoroddsen, bæjarfulltrúa og varaformanni hafnarstjórnar, um fyrirhugaða uppbyggingu í Hafnarfirði.

Vinnustofunni var skipt í tvennt og var notast við tvær aðferðir. Fyrst voru þátttakendur beðnir um að svara spurningum í gegnum Mentimeter. Eftir það var þátttakendum skipt í hópa og fengu allir hóparnir spurningar til að ræða sín á milli.

Hagaðilar sem komu á vinnustofuna

- Aldís Arnardóttir, Hafnarborg
- Andri Ómarsson, Isavia
- Ágúst E. Bjarnason, Samtök ferðaþjónustunnar
- Árdís Ármannsdóttir, Hafnarfjarðarbær
- Árný Bergsdóttir, Hópbílar / Reykjavík Sightseeing
- Björn Pétursson, Byggðasafn Hafnarfjarðar
- Geirprúður Guttormsdóttir, Betri Stofan
- Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Hafnarfjörður
- Guðmundur Fylkisson, Hafnarstjórn
- Guðrún Böðvarsdóttir, Sól Restaurant
- Helga Stefánsdóttir, Hafnarfjarðarbær
- Jón Atli Magnússon, Hafnarfjörður
- Kristín M. Thoroddsen, Hafnarfjarðarhöfn
- Málfríður G. Blöndal, Norðurbakkinn
- Oddur Rafnsson, Brikk
- Ólafur Þorgeirsson, Fjörukráin
- Ólafur Þór Ágústsson, Golfklúbburinn Keilir
- Rannveig Grétarsdóttir, Elding
- Silja Gunnarsdóttir, Hidden World Walks
- Steinunn Guðbjörnsdóttir, Exploring Iceland
- Sunna Magnúsdóttir, Hafnarfjarðarbær
- Tinna Helgadóttir, Iceland Travel
- Tobias Klose, Aurora Basecamp
- Víðir Stefánsson, Ölvisholt Brewery



Mentimeter

Fyrsti hluti vinnustofunnar fór fram í gegnum Mentimeter. Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir þátttakendur vinnustofunnar í gegnum Mentimeter:

- *Hvað gerir Hafnarfjörð einstakan sem áfangastað?*
- *Hvað væri hægt að gera til að efla Hafnarfjörð sem áfangastað?*
- *Fyrir hverja er Hafnarfjörður áhugaverður staður að heimsækja?*
- *Hvernig telur þú að farþegar skemmtiferðaskipa upplifi Hafnarfjörð í dag?*
- *Hvaða tækifæri felast í komum skemmtiferðaskipa til Hafnarfjarðar?*
- *Hverjar eru helstu áskoranir við móttöku skemmtiferðaskipa í Hafnarfirði?*
- *Hvernig tryggjum við að móttaka skemmtiferðaskipa verði í sátt við íbúa?*
- *Hversu mikinn áhuga hefur þú á að Hafnarfjörður þróist sem áfangastaður fyrir skemmtiferðaskip?*

Hér á eftir má sjá samantekt á niðurstöðum fyrir hverja spurningu.

Niðurstöður úr Mentimeter





Hvað gerir Hafnarfjörð einstakan sem áfangastað?

Náttúra og umhverfi	Saga, byggð og menning
Hraunið, sjórinn, Hamarinn, upplandið, Hvaleyjarvatn, fallegt og náttúruvænt umhverfi	Gamli bærinn, gömlu húsin, Hellisgerði, jólaþorpið, söfn, fjölbreytt menning og viðburðir
Álfar og víkingar	Þjónusta og staðsetning
Álfar, huldufólk, víkingaþorpið, víkingar, víkingahóтелиð	Miðbærinn, höfnin, fjölbreytt þjónusta, veitingastaðir, sundlaugar, góðir snúðar
Samfélag og andrúmsloft	
Fólkið, heimamenn sýnilegir, fjölskylduvænt, kósý, ekki borgarumhverfi	

Hvað væri hægt að gera til að efla Hafnarfjörð sem áfangastað?

Markaðssetning og sýnileiki	Aðgengi og samgöngur
Kynna betur, markaðsherferð, sameiginlegar auglýsingar, bæta ímynd. Instagram-vænir staðir, matar- og jazzhátíðir.	- Betri samgöngur innanbæjar og til Reykjavíkur. Hop-on hop-off rúta, siglingar milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. - Almenningssalerni. - Bætt tenging milli hafnar og miðbæ Hafnarfjarðar.
Gisting og þjónusta	Skipulagðar upplifanir og ferðir
Stækka tjaldsvæði. Fjölga gistimöguleikum og veitingastöðum. Gera Hellisgerði sýnilegra. Hugmyndir eins og Food Walk og „Heima hjá Hafnfirðingum“.	Gönguferðir, dagsferðir, helluferðir, Álfaganga / Elf Walk. Leggja áherslu á hæglæti og vernda smábæjarsjarma Hafnarfjarðar.
Uppbygging og samfélagsþátttaka	
Endurbætur á gömlum húsum. Styrkja miðbæ. Virkja ungmenni í viðburðum. Samfélagið tekur þátt í mótun áfangastaðarins.	

Fyrir hverja er Hafnarfjörður áhugaverður staður að heimsækja?

Algengustu hóparnir	Áhugaverðir markhópar
• Fjölskyldur / fjölskyldufólk – mjög oft nefnt • Ferðamenn – erlendir og þeir sem ferðast á eigin vegum • Íslendingar – innlendir gestir og aðrir landsmenn • Þeir sem vilja ró og hæglætisferðir (slow travel) • Útivistarfólk, náttúruunnendur, golfarar, jólabörn og áhugafólk um álfa og víkinga	• Reykvíkingar og innlendir gestir • Explorer ferðamenn – náttúruunnendur og þeir sem leita að sjálfbærri upplifun • Ferðamenn á eigin vegum (ekki skipulagðar hópferðir) • Fyrirtækjahópar og vinahópar • Saumaklúbbar og jólabörn • Fólk sem sækir í sérstakar upplifanir – t.d. sund, bakarí, íþróttaviðburði, álfa, víkinga
Sameiginlegt hjá markhópum	
• Leita að rólegu, menningarlegu og náttúrulegu umhverfi • Vilja „fá meira út úr minni stað“ – ekki stórborgarstemningu heldur nærveru	

Hvernig telur þú að farþegar skemmtiferðaskipa upplifi Hafnarfjörð í dag?

Rólegt og notalegt	Takmarkað aðgengi og lítil upplifun
- Farþegar lýsa bænum sem hlýlegum, kósý og persónulegum. Algeng lýsing: smábæjarstemning, vinalegur og rólegur staður.	Margir upplifa að lítið sé í gangi og skortur sé á þjónustu . Tjá sig um lokaðar verslanir , skort á aðstöðu og vantar tengingu við höfnina .
Vannýttir möguleikar	
- Bænum er lýst sem fallegum en möguleikar eru vannýttir. - Fólk sér bæinn en kemst ekki í hann – margir dvelja stutt og fara beint annað.	

Hvaða tækifæri felast í komum skemmtiferðaskipa til Hafnarfjarðar?

Viðskipti og þjónusta	Fólksflæði og þátttaka
• Aukin verslun og viðskipti, sérstaklega í mat og drykk. • Tækifæri til að efla og kynna veitingastaði og fjölbreytta matarmenningu. • Meiri þjónusta yfir daginn sem gagnast einnig heimamönnum. • Hugmyndir um kort með verslunum sem bjóða ferðamenn velkomna.	• Fá farþega til að dvelja í bænum, ekki bara fara beint annað. • Skipulagðar ferðir: göngur, útsýni, saga og jafnvel álfagöngur. • Auka mannlíf með staðbundnum upplifunum eins og kakó og kleinur.
Lifandi bær og hæg þróun	Náttúra og staðsetning
• Stuðla að líflegu hafnarsvæði og auknu mannlífi. • Hæg og sjálfbær þróun sem styrkir bæjarbrag og gildi. • Höfnin nýtist betur og skilar tekjum til samfélagsins.	• Stutt í Reykjavík, Reykjanes, hraunið og náttúruupplifanir. • Tækifæri fyrir hvalaskoðun, hestbak og útivist.


Hverjar eru helstu áskoranir við móttöku skemmtiferðaskipa í Hafnarfirði?

Innviðir og tenging	Samgöngur og aðgengi
• Hafnarinnviðir ófullnægjandi; takmarkað dýpi. • Slæm tenging hafnar og miðbæjar fyrir gangandi farþega. • Skortur á klósettum, gönguleiðum, hjólaleigu og upplýsingamiðlun. • Aðkoman að landi óspennandi og illa merkt.	• Umferð og erfiðar gönguleiðir torvelda aðgengi. • Farþegar fara oft beint annað – t.d. í rútu til Reykjavíkur. • Skipuleggjendur skipa bjóða ferðir út fyrir bæinn og erfitt er að breyta því.
Þjónusta og upplifun	Áhrif á samfélagið
• Skortur á afþreyingu og veitingastöðum, oft lokað fyrir hádegis. • Móttaka þarf að vera markvissari, bæði á landi og um borð. • Ferðir of fastmótaðar – vantar sveigjanleika og fjölbreytni.	• Áhyggjur af þolmörkum og áhrifum á heimamenn. • Mikilvægt að halda ferðamönnum innan bæjarins á jákvæðan hátt. • Þróun þarf að gagnast bæði íbúum og gestum – t.d. afþreying sem heimamenn nota líka.

Hvernig tryggjum við að móttaka skemmtiferðaskipa verði í sátt við íbúa?

Samráð og upplýsingagjöf	Álagsstýring og þolmörk
• Opinskátt samtal við íbúa um þróun og ávinning. • Upplýsa um skipakomur og tekjur sem skila sér í bæinn.	• Halda skipakomum í hófi – t.d. eitt skip í einu, minni skip. • Greina og virða þolmörk samfélags og umhverfis.
Mengunarvarnir og aðgengi	Ávinningur fyrir samfélagið
• Minnka hávaða og mengun (sérstaklega á kvöldin) – rafmagn og umferðarstýring. • Bæta tengingu milli hafnar og bæjar.	• Tryggja að gestir dvelji í bænum. • Tekjur og þjónusta nýtist heimamönnum líka.

Hversu mikinn áhuga hefur þú á að Hafnarfjörður þróist sem áfangastaður fyrir skemmtiferðaskip?



*Þátttakendur svöruðu spurningunni með því að velja tölu á skalanum 0-10 þar sem 0 var “Enginn áhugi” og 10 “Mikill áhugi”

Hópavinna

Eftir að þátttakendur voru búnir að svara Mentimeter spurningum var þeim skipt niður í hópa sem unnu með eftirfarandi spurningar:

- *Hvaða hugmyndir hafið þið til að efla Hafnarfjörð sem áfangastað fyrir ferðamenn?*
- *Hvernig viljið þið sjá komu skemmtiferðaskipa til Hafnarfjarðar þróast?*

Í lokinn fengu hóparnir einnig kort af gönguleiðinni um miðbæ Hafnarfjarðar og voru beðnir um að veita endurgjöf á leiðina:

- *Hvað finnst ykkur um gönguleiðina? Er eitthvað sem þið viljið breyta og eru þið með hugmyndir að nýjum leiðum?*


Hér á eftir er samantekt á niðurstöðum úr umræðunum ásamt sjónrænni framsetningu á helstu hugmyndunum sem fram komu. Fyrir sjónræna framsetningu var notast við gervigreind.

Niðurstöður úr hópavinnu

Hvaða hugmyndir hafið þið til að efla Hafnarfjörð sem áfangastað fyrir ferðamenn?



HUGMYNDIR TIL AÐ EFLA HAFNARFJÖRÐ SEM ÁFANGASTAÐ FYRIR FERÐAMENN



Jólaþorpið allt árið

Miðbærinn sem lifandi
markaðsstorg sem nýtist
allan ársins hring með
handverki, matargöngum
og kvöldstemningu.



Jólaþorpið allt árið

Miðbærinn sem lifandi markaðsstorg sem nýtist allan ársins hring með handverki, matargöngum og kvöldstemningu.



Matarganga og stemning í bænum

Miðbærinn sem lifandi vettvangur upplifana, menningar og gleði allt árið um kring.



Matarganga og stemning í bænum

Miðbærinn sem lifandi
vettvangur upplifana,
menningar og gleði allt
árið um kring.



Álfabærinn Hafnarfjörður

Upplifunarganga með
leiðsögn um bæinn í anda
álfasafna og dularfullrar
náttúru.



Álfabærinn Hafnarfjörður

Upplifunarganga með
leiðsögn um bæinn í anda
álfasafna og dularfullrar
náttúru.



Bardagaleikar í reiðhöllinni

Sérhönnuð víkingasýning
og bardagaleikir sem
draga að fjölskyldur og
áhugafólk um sögu.



Bardagaleikar í reiðhöllinni

Sérhönnuð víkingasýning
og bardagaleikir sem
draga að fjölskyldur og
áhugafólk um sögu.



Hjartalestin

Heillandi gömul lest sem tengir saman
lykilstaði í miðbænum og býður upp á
fróðleik og skemmtun í leiðinni.



Tourdesk í miðbænum

Upplýsingaborð og bókunarmiðstöð
fyrir ferðamenn í hjarta bæjarins -
með áherslu á upplifun, verslun og
viðburði.



QR kóðar á skiltum í miðbænum

Skilti við götur bæjarins með QR-
kóða sem veita gestum upplýsingar
um sögu, afþreyingu og staðbundna
þjónustu.



Niðurstöður úr hópavinnu

Hvernig viljið þið sjá komu skemmtiferðaskipa til
Hafnarfjarðar þróast?



KOMUR SKEMMTIFERÐASKIPA TIL HAFNARFJARÐAR

MINNI OG FÆRRI SKIP

- Fókus á minni skip og dreifðar komur.
- Setja skilyrði, t.d. að dvelja að minnsta kosti eina nótt.
- Viljum gesti sem dvelja og neyta þjónustu – ekki bara „skutl í bæinn“.

SALA OG SAMVINNA

- Ratleikur, gönguferðir, álfaganga, saumaferðir, skipulagðar dagsferðir

ÁHERSLUR ÞEMU

UPPLIFUN Í BÆNUM

- Skortur á skipulögðum ferðum í Hafnarfirði.
- Hugmyndir: álfaganga, dagsferðir, skutl innanbæjar.
- Gera bæinn að "getaway" líka fyrir áhöfnina.

AÐSTAÐA & AÐGENGI

- Móttökuhús þarf að efla.
- Aðgengi frá bryggju lélegt – þarf að bæta.
- Skiptifarþegar þurfa rými og upplýsingar.

Niðurstöður úr hópavinnu




Endurgjöf á gönguleið



Endurgjöf á gönguleið

Til að veita endurgjöf á gönguleiðina fengu þátttakendur kort af leiðinni þar sem þeir gátu teiknað á og breytt leiðinni eða skrifað athugasemdir á blað.

Í endurgjöf þátttakenda kom fram að tilvalið væri að lengja gönguleiðina þannig að hún myndi einnig fara að Reykdalsvirkjun og Hamrinum. Rætt var einnig um að bjóða upp á mismunandi útgáfar af leiðinni (styttri og lengri) og að bjóða upp á gönguleiðir með mismunandi áherslur (álfaganga, matarganga og söguganga).



Endurgjöf á gönguleið

Með tilliti til endurgjafar á vinnustofunni var gönguleiðin endurskoðuð og lokakort var unnið. Á kortinu er að finna styttri og lengri útgáfu af leiðinni sem tengir nú einnig Reykdalsvirkjun og Hamarinn inn í leiðinni.

Kortið var prentað á færanlegt skilti sem sett var upp við Hafnarfjarðarhöfn í byrjun júní 2025.





Welcome to Hafnarfjörður

Discover the charm of our town on this scenic 4,5 km walking route



Scan here for the best of Hafnarfjörður

VISIT
REYKJAVÍK

A Town to Love – The Heart of Hafnarfjörður
Begin your 4.5 km journey by the harbour and follow the marked path into the heart of Hafnarfjörður. Discover colourful houses, rich history, and seaside beauty.

— A Town to Love - Walking Tour
— Extended route

- | | |
|---------------------|---------------|
| Tourist Information | Church |
| Parking | Swimming Pool |
| Taxi | ATM |
| Point of interest | Museum |
| Public Transport | Gas Station |
| Campsite | Hotel |


Tourist information

Strandgata 8-10
(+354) 585 5500
visitreykjavik.is
en.hafnarfjordur.is
hafnarfjordur@hafnarfjordur.is
Open: Mon-thu 8-16, fri 8-14



MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

Opinn fundur



Opinn fundur

Þann 3. júní héldu Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins og Hafnarfjarðarbær opinn fund um verkefnið “Áfangastaðurinn Hafnarfjörður” í Hafnarborg.

Opni fundurinn var hluti af samráðs- og stefnumótunarferlinu. Markmið fundarins var að upplýsa almenning um verkefnið og að fá endurgjöf á verkefnið. Gestir fengu kynningu á verkefninu og gátu síðan veitt endurgjöf í gegnum Mentimeter. Samtals mættu 12 fundagestir.




Endurgjöf frá opnum fundi

Hver er heildarupplifun þín af þessari vinnu fyrir áfangastaðinn Hafnarfjörð?



Endurgjöf frá opnum fundi

Hversu mikilvæg finnst þér eftirfarandi verkefni fyrir áfangastaðinn?



Endurgjöf frá opnum fundi

Hvaða hugmyndir/verkefni saknar þú að sjá fyrir áfangastaðinn?

Tölfræði

Meiri rannsoknir

Tölfræði

Tölfræði

Instagram væna staði -
hvar eiga þeir að vera?

Lególand

Strandgatan verði
göngugata

Álfar No

Sjósund

Upplandið fyrir hlaup,
hjól og göngur

Hvað hefur virkað á
sambærilegum stöðum

Viðburðir tengt álfum og
náttúru

Söfnin okkar

T

Sundlaugarnar og
eitthvað tengt þeim

Sundlaugarnar

Vita

Vitinn okkar á Vitastíg

Hvernig er hægt að fá
fleiri erlenda ferðamenn í
Jólaborpið

Mathöll

Götulist

Listamenn Hafnarfjarðar
- nýta þá til að segja
sögu

Mathöll


Til að taka mynd með

Hvalryravatn

Hvernig eigum við að
nýta víkingana betur?

Endurgjöf frá opnum fundi

Hvaða fjölda skemmtiferðaskipa til Hafnarfjarðar vilt þú sjá?



Endurgjöf frá opnum fundi

Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

Takk fyrir þessa flottu
vinnu ❤️

Verslunarmipstöð í hfj ❤️

Takk fyrir okkur! Kv ung
hfj ❤️

Ákveða fleiri segla í
Hafnarfirði sem rannsóknir
sýna að ferðamenn vilja
upplifa á Íslandi

Ráðgjöf varðandi merkingar á
samfélagsmiðlum fyrir
ferðapjónustuaðila og
sveitarfélag til að sýna betur
fjölbreytileikann í máli og
myndum


Meira klasasamstarf
meðal
ferðapjónustuaðila í
Hafnarfirði

Kirkjur eru vinsæll staður
til að heimsækja - opna
þær meira?

Vinna með haen
markaðsstofu

MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

Samantekt



Samantekt

Áfangastaðurinn Hafnarfjörður er mikilvægur ferðapjónustukjarni og leynast mörg tækifæri á svæðinu til að efla þjónustu við ferðamenn. Sérstaða áfangastaðarins felst meðal annars í hrauninu sem umvefur bæinn, en einnig í nálægð hans við höfnina og sjóinn. Einnig hefur áfangastaðurinn sterk tengsl við álfa, víkinga og jólin.

Niðurstöður verkefnisins sýna að efla megi móttöku ferðamanna í Hafnarfirði á ýmsan hátt, t.d. með því að halda áfram frekari markaðssetningu, fjölga gistimöguleikum og veitingastöðum, auka framboð af afþreyingu og styrkja samgöngur til og frá Hafnarfjarðar.

Verkefnahópur mun halda áfram að starfa, forgangsraða verkefnum og beina þeim í réttan farveg. Einnig verða niðurstöður þessa verkefnis nýttar til að vinna stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa í Hafnarfirði.



Útgefið af Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Verkefnið er unnið í samstarfi við MH ráðgjöf

ágúst 2025